

Reglur um úthlutun leiguhúsnæðis fyrir eldri borgara í Hrunamannahreppi.

1. Þegar íbúð að Heimalandi, eða aðrar íbúðir sem Hrunamannahreppur ætlar til eldri borgara, losnar er hún auglýst til leigu. Skilyrði fyrir að umsókn sé tekin til greina er að umsækjendur séu:
 - a) 67 ára eða eldri en miða skal við almanaksár
 - b) Hafi átt lögheimili í sveitarfélaginu síðastliðin 3 ár eða hafi búið stóran hluta ævi sinnar í sveitarfélaginu en flutt í burtu.
2. Ef enginn umsækjandi skv. lið 1 hér að ofan uppfyllir ofangreind skilyrði, eða enginn sækir um, er heimild til að leigja íbúðina á almennum markaði. Þá er gerður leigusamningur til eins árs en þó með 3ja mánaða uppsagnarfresti en mánuði fyrir leigulok er íbúðin auglýst aftur til leigu. Miða skal við að þeir njóti forgangs til leigu sem uppfylla skilyrði á grundvelli reglna um málefni fatlaða eða félagslegrar stöðu sinnar.
3. Við val á umsækjendum ef fleiri en einn sækja um íbúð sem losnar, skal þeim umsækjanda sem metinn er í meiri þjónustupörf standa íbúðin til boða. Við mat á umsókn er tekið tillit til hversu lengi umsækjandi hefur átt lögheimili í Hrunamannahreppi, aldurs, húsnæðisaðstæðna, þjónustu og færni umsækjanda. Skal í þessu mati á þjónustupörf miða við matskala á matsblaði sem skoðast sem fylgiskjal með þessum reglum.
4. Skriflegum umsóknum skal skilað til skrifstofu Hrunamannahrepps. Ef þarf að velja milli umsækjanda skv. lið 3 hér að ofan skal Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings sjá um slíkt mat.

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 5. maí 2022.